



Samtök orkusveitarfélaga

Stofnuð 25. nóvember 2011

www.orkusveitarfelog.is

Skýrsla stjórnar 2022 - 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skipan stjórnar	3
Aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga	4
Fyrirkomulag starfseminnar	5
Verkefni stjórnar	5
Stefnumörkun og starfsáætlun stjórnar 2022 – 2024	6
Stjórnarfundur 17. febrúar 2023	7
Starfsnefnd um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu	8
Upplýsingafundur 28. febrúar 2023	9
Vinnustofa 2. mars 2023	9
Kynningarfundur 30. mars 2023	9
Aukaaðalfundur 21. apríl 2023	9
Aukaaðalfundur 19. september 2023	10
ESA	10
Starfshópur um vindorku	10
Orkufundur 2023	11
Fundir og kynningar	12
Umsagnir	12
Starfshópur um skattalegt umhverfi orkuvinnslu	12
Fræðsluferð stjórnar 2024	14
Lokaorð	15

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Samtaka orkusveitarfélaga fyrir starfsárin 2022 – 2024 er fjallað um störf stjórnarinnar og farið yfir helstu verkefni á milli aðalfunda þann 11. nóvember 2022 og 9. október 2024.

Skipan stjórnar

Á aðalfundi Samtaka orkusveitarfélaga 11. nóvember 2022 voru eftirfarandi kjörin í stjórn samtakanna til tveggja ára:

Aðalstjórn:

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur – formaður

Guðný Birna Guðmundsdóttir, Reykjanesbær

Jónína Brynjólfsdóttir, Múlaþing

Knútur Emil Jónasson, Þingeyjarsveit

Varastjórn:

Einar Kristján Jónsson, Skaftárhreppur

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþing

Á aðalfundi samtakanna þann 11. nóvember 2022 var samþykkt að fækka í stjórn úr ellefu í átta og eru því aðalstjórn skipuð fimm aðilum og varastjórn þremur í stað sjö í aðalstjórn og fjórum í varastjórn.

Á tímabilinu hélt stjórnin 23 formlega fundi.

Á fyrsta fundi stjórnar var Guðný Birna Guðmundsdóttir kjörin varaformaður og Árni Eiríksson kjörin gjaldkeri samtakanna. Starfsmaður samtakanna, Jóhannes Á. Jóhannesson var kjörin ritari samtakanna.

Aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga

September 2024

Ásahreppur

Bláskógabyggð

Fjarðabyggð

Fljótsdalshreppur

Flóahreppur

Grindavíkurbær

Grímsnes- og Grafningshreppur

Hafnarfjarðarkaupstaður

Hrunamannahreppur

Húnabyggð

Múlaþing

Norðurþing

Rangárþing ytra

Reykjanesbær

Seltjarnarnesbær


Skaftárhreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Sveitarfélagið Hornafjörður

Sveitarfélagið Ölfus

Þingeyjarsveit



Mynd 1 Selfosslína 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi

Tvö sveitarfélög bættust við í samtökin á aðalfundi samtakanna árið 2022 en það voru Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur.



Mynd 2 Hafði við Búrfell

Fyrirkomulag starfseminnar

Samtök orkusveitarfélaga eru með samning við Samband íslenskra sveitarfélaga um bókhald, aðgang að starfsmanni til að sinna verkefnum samtakanna og annað það sem tilheyrir starfsemi þeirra.

Í upphafi starfstímans var Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði starfsmaður samtakanna. Hann lætur af störfum fyrir samtökin í kringum aðalfundinn 2024 eftir u.þ.b. þriggja ára starf fyrir samtökin. Við verkefnum hans tekur Gréta Mar Jósépsdóttir, þjónustufulltrúi hjá Sambandinu.

Jafnframt hafa lögfræðingarnir Guðjón Bragason og Kristín Ólafsdóttir verið samtökunum innanhandar í verkefnum stjórnar en þau létu bæði þau af störfum hjá Sambandinu á tímabilinu. Stjórn hefur síðan á tímabilinu keypt þjónustu hjá fyrirtæki Guðjóns, GB Stjórnsýsluráðgjöf m.a. vegna umsagna.

Verkefni stjórnar

Samkvæmt 3. grein samþykktta Samtaka orkusveitarfélaga er tilgangur samtakanna þessi:

- *Að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum.*
- *Að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.*
- *Að taka þátt í mótun orkustefnu með áherslu á stöðu vatnsafls, jarðvarma og vindorku sem sjálfbærar orkuframleiðslu.*
- *Að miðla upplýsingum og reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málaflökkinn.*
- *Að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum, s.s. vinnu við gerð laga og reglugerða sem varða orkumál og nýtingu jarðvarma og vatnsafls og stuðla að fræðslu og kynningu á málum sem því tengjast.*

Líkt og yfirferðin hér neðar mun sýna hafa verkefni stjórnar og aðildarsveitarfélaga Samtaka orkusveitarfélaga verið mörg. Margir mikilvægir fundir hafa verið haldnir og mikil vitundarvakning hefur verið um tilvist Samtaka orkusveitarfélaga undanfarin ár.

Stefnumörkun og starfsáætlun stjórnar 2022 – 2024

Tilgangur starfsáætlunar stjórnar er í grófum dráttum sá að gera aðgerðaráætlun fyrir starfstíma stjórnar til að vinna að tilgangi og markmiðum samtakanna. Engu að síður hefur stjórn og þar með samtökin staðið á miklum tímamótum undanfarin ár og var talin þörf á að fara í allsherjar vinnu með aðildarsveitarfélögum til að stjórn hefði skýra sýn aðildarsveitarfélaganna að leiðarljósi í sinni vinnu.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga ákvað því í september 2022 að ráða ráðgjafafyrirtækið KPMG til að vinna að stefnumörkun samtakanna. KPMG tók að sér verkefnisstjórn í samstarfi við stjórn og aðstoðaði Samtök orkusveitarfélaga við verkferlið, allt frá greiningu, viðtölum, stýringu vinnufunda við að uppgötva, skilgreina og móta stefnu yfir í aðgerðaáætlun, samantekt og kynningu. Núverandi stjórn hélt áfram með þá vinnu eftir aðalfundinn í nóvember 2022.

Haldinn var vinnudagur samtakanna með KPMG 27. janúar 2023 á Grand hótél, þar sem fulltrúar frá aðildarsveitarfélögum mættu og unnu undir stjórn KPMG. Samhliða þessu var svo í febrúar stofnuð starfsnefnd hjá Samtökunum og gerð bókun sem átti eftir að hafa áhrif á allt starf samtakanna út starfstímabilið, komið er nánar inn á það síðar í skýrslunni. Sú vinna blandaðist inn í vinnu KPMG og hjálpaði í raun til við stefnumörkunina og við að vinna að starfsáætlun stjórnar. Þann 21. apríl 2023 var svo stefnumörkunin og starfsáætlunin samþykkt af stjórn samtakanna og kynnt aðildarsveitarfélögum á aukaaðalfundi. Hægt er að finna stefnumörkunina á heimasíðu samtakanna: <https://orkusveitarfelog.is/samtok-orkusveitarfelaga/stefnumorkun-stjornar/>

Lykilmarkmið stefnumörkunar og starfsáætlunar eru fimm:

Innheimta skatta og auðlindarentu


Efla samstöðu.

Jafna raforkuverð.

Móta stefnu og löggjöf.

Markviss hagsmunagæsla.

Lykilmarkmið



Stjórnarfundur 17. febrúar 2023

Á stjórnarfundum Samtaka orkusveitarfélaga þann 17. febrúar 2023 var eftirfarandi bókað:

Oddviti og sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Haraldur Þór Jónsson kom inn á stjórnarfund og kynnti stöðu orkumála í sínu sveitarfélagi. Stjórn þakkar fyrir greinagóða kynningu. Sveitarstjórnir Múlapings og Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafa hvor um sig bókað um orkumál og í ljósi þeirra bókana vil stjórn Samtaka orkusveitarfélaga bóka eftirfarandi:

Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum og að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040. Því er mikilvægt að ríkið meti stöðu á framleiðslu á raforku á Íslandi, áætli þörf til frekari framleiðslu og ákveði með hvaða móti og hvar skuli afla þeirrar orku út frá ýmsum þáttum svo sem umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum með Rammaáætlun eða öðru sambærilegu ferli. Endurskoða þarf hverjar heimildir sveitarfélaga eigi að vera til gjaldtöku og eða álagningar gjalda og meta hvort leitast eigi við aðrar heimildir svo sem til skattaafslátta eða samfélagssjóða eða annað sem hefur efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélög, ágóða landeigenda, bætur til fasteignaeigenda í grennd vegna virðisminnkunar, tryggingar vegna umhverfisskaða á framkvæmdar- og rekstartíma og vegna niðurrifs að rekstartíma liðnum og fleira. Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti 1 efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfsemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

Í kjölfarið var send út fréttatilkynning á fjölmiðla, þingmenn, ráðherra, Stjórn Sambandsins og fleiri. Þessi bókun vakti athygli og má segja að í kjölfar hennar og bókana Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Múlaþings fóru málefni Samtaka orkusveitarfélaga að vekja athygli.



Mynd 3 Ljósafossstöð

Starfsnefnd um breytingar á tekjum og lagaumhverfi vegna orkuvinnslu

Á stjórnarfundum þann 17. febrúar 2023 var eftirfarandi einnig bókað:

Í ljósi stefnumótunarvinnu sem hefur átt sér stað á vegum samtakanna undanfarna mánuði samþykkir stjórn samtaka orkusveitarfélaga að skipa starfsnefnd. Hlutverk nefndarinnar er að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði við stjórn samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn tilnefnir eftirtalda aðila úr röðum aðildarsveitarfélaga:

Fyrir hönd stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga, Jónína Brynjólfsdóttir Múlaþingi

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Haraldur Þór Jónsson

Fyrir hönd Húnabyggðar, Guðmundur Haukur Jakobsson

Fyrir hönd Ásahrepps, Ísleifur Jónasson

Fyrir hönd Fljótsdalshrepps, Helgi Gíslason

Fyrir hönd Rangárþing Ytra, Jón G. Valgeirsson

Stjórn samþykkir að Haraldur Þór Jónsson verði formaður starfsnefndar.

Starfsnefndin fundaði sex sinnum, starfsnefndin hélt vinnustofu með aðildarsveitarfélögum, tvo upplýsingafundi og að lokum voru haldnir tvennir aukaaðalfundir Samtakanna til að staðfesta tillögur starfsnefndar.

Upplýsingafundur 28. febrúar 2023

Stjórn samþykkti að boða aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga til upplýsingafundar í fjarfundabúnaði þriðjudaginn 28. febrúar. Á fundinum fór Haraldur Þór Jónsson oddviti og sveitarstjóri fara yfir þá vinnu sem Skeiða- og Gnúpverjahreppur vann að ásamt því að störf starfsnefndar voru kynnt lítillega.

Vinnustofa 2. mars 2023

Starfsnefndin lagði til að haldinn yrði vinnustofu með fulltrúum aðildarsveitarfélaganna þar sem farið yrði yfir verkefni starfsnefndar og hvert markmið hennar er. Á vinnustofunni var einnig áætlað að finna sameiginlega sýn sveitarfélaganna er varðar tekjur sveitarfélaga af orkuvinnslu. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga samþykkti að starfsnefndin fengi KPMG til að halda utan um slíkan fund á kostnað samtakanna enda var fundurinn í takt við fyrstu drög að stefnumótun samtakanna frá KPMG.

Kynningarfundur 30. mars 2023

Haldinn var kynningarfundur þann 30. mars 2023 þar sem kynnt voru drög að tillögum fyrir aðildarsveitarfélögum.

Aukaaðalfundur 21. apríl 2023

Haldinn var aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 21. apríl 2023 en markmið fundarinnar var að kynna stefnumörkun og starfsáætlun stjórnar og fá staðfestingu á tillögum starfsnefndar samtakanna um ávinning af orkuvinnslu. Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps kynnti tillögur starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinning af orkuvinnslu. Tillögurnar voru bornar upp og samþykktar samhljóða. Jafnframt var samþykkt á fundinum tillaga um að starfsnefndin skyldi starfa áfram við að útfæra tillögurnar nánar.

Finna má tillögurnar í heild sinni og fundargerð aðalfundarinnar inn á heimasíðu samtakanna www.orkusveitarfelog.is.



Helstu niðurstöður starfsnefndar

Nærsamfélag orkuvinnslu

Nærsamfélag orkuvinnslu er það landsvæði er verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af orkuvinnslu, þar á meðal landsvæði undir megin flutningskerfi raforku.

Öll mannvirki og stöðug áhrif er takmarkaða aðra notkun á landsvæði flokkast sem bein áhrif en óbein áhrif geta verið t.d. sjónræn, jarðhræringar eða áhrif á landnotkun og vatnasvæði.

Tekjuskipting nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku.

Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins.

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu ætti að vera blönduð leið af fasteignasköttum og auðlindarentu sem hægt er að útfæra t.d. sem ákveðið gjald af framleiðslugetu eða hlutdeild í framleiðslu.

Samhliða því er nauðsynlegt að breyta lögum svo aukin hluti mannvirkja tengd orkuvinnslu séu skráð til fasteignamats og andlag fasteignaskatts.


Tryggja þarf einnig að nærsamfélag megin flutningskerfi raforku sé tryggð hluti af tekjum.

Samstaða orkusveitarfélaga
Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórn að sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni.

Aukaaðalfundur 19. september 2023

Starfsnefndin vann áfram og þegar tillögur af leiðum lá fyrir taldi stjórn mikilvægt er að kynna fyrir aðildarsveitarfélögunum þær leiðir sem ræddar hafa verið í starfsnefndinni varðandi mögulegar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu. Ákveðið var því að halda annan aukaaðalfund. Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps kynnti tillögur starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga um ávinning af orkuvinnslu. Þorsteinn Stefánsson nemandi í Háskóla Íslands kynnti drög að líkani (formúlu) sem hægt væri að styðjast við vegna útreikninga á skiptingu tekna vegna orkuvinnslu. Umræður hófust svo kjölfarið. Að þeim loknum voru tillögur starfsnefndar bornar upp og samþykktar með meirihluta atkvæða.

Finna má tillögurnar í heild sinni og fundargerð aðalfundarins inn á heimasíðu samtakanna www.orkusveitarfelog.is.



““
Niðurstaða starfshóps Samtaka orkusveitarfélaga um sanngjarnar tekjur til nærumhverfis er því eftirfarandi:

““
Undanþága orkumannvirkja frá fasteignamati verði felld út gildi. Öll orkumannvirki verði sett í nýjan skattflokk fasteignaskatts, D skattur sem gæti verið lægri prósentu en C skattur, **XX %**

““
Nærsamfélag fær afhent hluta af framleidu rafmagni, **XX % sem skiptist á nærsamfélag eftir hlutfalli áhrifasvæðis. Nærsamfélagið getur því valið að nota orkuna í héraði eða selja orkuna á markaði.**

ESA

Svarbréf barst frá ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja í febrúar 2023 og kom fram í svarbréfinu að ESA hyggst ekki gera neitt „að svo stöddu“. Að mati Jóns Jónssonar lögmanni hjá lögmannstofunni Sókn og lögmanni samtakanna í þessu máli væri mögulega hægt að opna málið hjá ESA síðar meir ef fram kæmu nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á málið. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga bókaði að hún harmaði þessa ákvörðun ESA og þakkaði Jóni Jónssyni og Guðjóni Bragasyni fyrir þeirra hjálp í þessu máli.

Starfshópur um vindorku

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði haustið 2022 starfshóp til að móta tillögur um fyrirkomulag vindorkunýtingar. Hópurinn fékk það hlutverk að skoða og gera tillögur til ráðherra um drög að lögum og reglugerð um vindorku, með það að markmiði að einfalda

uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku, jafnframt því að tekið yrði tillit til sjónrænna áhrifa, dýralífs og náttúru. Í apríl 2023 skilaði starfshópurinn af sér stöðuskýrslu þar sem dregin voru saman helstu álitæfni sem komið höfðu upp við vinnu hópsins auk þess sem settir voru fram ýmsir valkostir um hvaða leiðir væru færar til að leysa úr þeim. Tillögur starfshópsins voru svo kynntar í desember 2023. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga fundaði með starfshópnum á meðan vinnunni stóð og kom á framfæri þeim álitamálum er tengjast uppbyggingu vindorku á Íslandi meðal annars er snúa að skipulagsvaldi sveitarfélaga, skilgreiningu nærumhverfis, álitamál er varða tekjur nærsamfélagsins af virkjanakosti af þessu tagi og mörgum fleiri álitamálum. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga hefur skila inn umsögnum um málið á öllum stigum málsins, um vindorkuskýrsluna, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Meðal atriða sem stjórn hefur bent á eru:

- *Settar eru fram ábendingar um mögulegar úrbætur á núverandi ferli rammaáætlunar. SO telur afar mikilvægt að kynning á fyrirhuguðum vindorkuverum fari fram áður en Orkustofnun vísar slíkum virkjanakostum til verkefnisstjórnar rammaáætlunar og jafnvel kæmi til álita að strax á því stigi geti sveitarstjórnir hafnað eða a.m.k. frestað því að einstakir virkjanakostir fari í formlegt ferli, t.d. ef sýnt þykir að þeir fari í bága við aðalskipulag sveitarfélagsins. Forsenda slíkrar málsmeðferðar er að gæði gagna sem fylgja virkjanakostum á frumstigi verði betri en nú*
- *Takmarkanir á ákvörðunarvaldi sveitarstjórna þurfa að vera skýrt rökstuddar með tilliti til almannahagsmuna, þótt jafnframt þurfi að byggja inn í ferlið að hagsmunir nálægra sveitarfélaga og annarra atvinnugreina séu virtir og að markmið um vernd náttúru- og menningarminja séu tryggð.*

Hægt er að finna allar umsagnir stjórnar inn á heimasíðu samtakanna; www.orkusveitarfelog.is

Enn hefur hvorki frumvarpið né þingsályktunartillagan verið staðfest af Alþingi og bíða samtökin því átekta hvað verður í þessu máli.

Orkufundur 2023

Orkufundur 2023 var haldinn miðvikudaginn 10. maí 2023. Fundurinn var staðfundur en honum var einnig streymt. Samkvæmt samþykktum Samtaka orkusveitarfélaga skal halda orkufund árlega, en áður var það þannig að halda átti orkufund árið sem ekki væri aðalfundur. Yfirskrift orkufundar 2023 var; þar sem orkan verður til og var hann vel sóttur.

Hægt er að horfa á orkufund 2023 og aðra eldri viðburði inn á heimasíðu samtakanna: www.orkusveitarfelog.is

Fundir og kynningar

Vorið og haustið 2023 fóru fulltrúar Samtaka orkusveitarfélaga og fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi með Innviðaráðherra, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Forsætisráðherra og Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og kynntu tillögur samtakanna um hvernig aðildarsveitarfélögin sjá fyrir sér að eigi að tryggja ávinning nærsamfélagsins sem voru samþykktar á aukaaðalfundi samtakanna þann 21. apríl 2023.

Fulltrúar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga fóru inn á tvo stjórnarfundum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á starfstímabilinu annars vegar í mars 2023 og hins vegar í júní 2023 og var verið að fara yfir tillögur Samtakanna, vinnuna og þeirra framtíðarsýn í bæði skiptin. Fulltrúar stjórnar funduðu með stjórn Samorku í nóvember 2023.

Fulltrúar stjórnar sátu áfram fundi með starfshópi um tillögur um fyrirkomulag vindorkunýtingar og lauk þeirri vinnu með skýrslu starfshóps sem stjórn skilaði inn umsögn um. Finna má umsögnina á heimasíðu samtakanna.

Umsagnir

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hefur á starfstímabilinu skilað inn þó nokkrum umsögunum um orkumál og má finna allar umsagnirnar inn á heimasíðu samtakanna: <https://orkusveitarfelog.is/skyrslur-og-frodleikur/>



Mynd 4 Vindmylla við Búrfell

Starfshópur um skattalegt umhverfi orkuvinnslu

Fulltrúar stjórnar sátu fundi með starfshópi á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem skoðaði skattalegt umhverfi orkuvinnslu og var skipaður í júní 2023. Markmið starfshópsins var að skapa nýja skattalega umgjörð og leiðir til að tryggja að ávinningur vegna nýtingar auðlinda og orkuvinnslu skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.

Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu en í skýrslunni er m.a. tíðrætt um tillögur Samtaka orkusveitarfélaga. Formaður starfshópsins Hilmar Gunnlaugsson kom inn á fund stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga þann 23. febrúar 2024 og kynnti niðurstöður skýrslunnar.

Stjórn gerði eftirfarandi bókun á þeim fundi:
Stjórn vill byrja á því að þakka starfsnefnd samtakanna kærlega fyrir þeirra vinnuframlag sem voru metnaðarfullar og faglega unnar tillögur. Ánægjulegt er að sjá hversu mikið var horft til þeirra í skýrslu starfshóps ráðherra. Jafnframt vill stjórn þakka aðildarsveitarfélögum fyrir þeirra þátttöku á vinnustofum og öðrum fundum sem haldnir voru á tímabilinu.

Þrátt fyrir að litið hafi verið til tillagna samtakanna um afnám undanþágu skatta á orkumannvirkjum þá lítur stjórn svo á að hún þurfi að vinna áfram og nánar að öðrum tveimur lykilþáttum í stefnumörkun samtakanna, annars vegar um að afnema dreifbýlisgjald og jafna þar með raforkuverð og hins vegar því að skoða skattlagningu flutningskerfisins.

Stjórn þakkar Hilmarí Gunnlaugssyni formanni starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu fyrir góða kynningu.


Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga tekur jákvætt í þróun mála og fagnar því að fram séu komnar tillögur um breytingar á skattlagningu orkuvinnslu og vonar að með því sé kominn skriður í málið. Áður hafa verið skipaðir tveir aðrir starfshópar um þetta mál en hvorugur þeirra komst að niðurstöðu.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vill lýsa mikilli ánægju yfir þeirri vinnu sem unnin hefur verið og list nokkuð vel á framkomnar tillögur. Stjórnin er þó ekki sannfærð um ágæti þeirrar tillögu að blanda Jöfnunarsjóði inn í vinnuna en þar sem enn er þó nokkrum spurningum ósvarað í tengslum við tillögurnar þá lítur stjórnin svo á að þetta sé verkefni í vinnslu og tími muni gefast til nánara samtals.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hlakkar til að sjá tillögur um endanlegar útfærslur. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga til að óska eftir kynningu og felur formanni stjórnar að óska eftir fundi með stjórn Sambandsins um málið.

Haldinn var kynningarfundur Samtaka orkusveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögur starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu. Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 22. apríl 2024.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga bíður enn eftir að sjá frumvarp og útfærslur um tillögur starfshópsins frá ráðuneytunum. Þegar þessi skýrsla er skrifuð þá er staðan sú að málið er áætlað á þingmálaskrá haustsins og stefnt er að komnar verði tillögur fyrir áramót.



Fræðsluferð stjórnar 2024

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga ákvað að fara í sérstaka fræðsluferð um Austurland í maí 2024 og kynna sér stöðu orkumála. Dagskráin var eftirfarandi:

Kynning á Fljótsdalsstöð - Sindri Óskarsson, stöðvarstjóri

Kynning á starfsemi og fyrirhuguðum virkjanakostum Landsvirkjunar - Þóra Arnórsdóttir, forstöðumaður samskiptamála og Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri

Kynning á Samorku - Finnur Beck, framkvæmdastjóri

Kynning á starfsemi Hitaveitu Egilsstaða og Fella (HEF) - Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri

Ferðin var í alla staði mjög fróðleg og var það samróma álit stjórnar að fara þyrfti í svona ferð einu sinni á hverju starfstímabili hjá stjórn. Verði farið aftur í svona ferð er einnig lagt til að heimsækja eða eiga fund með aðildarsveitarfélögum á svæðinu.

Mynd 5 Fljótsdalsstöð



Mynd 6 Heimsókn í Fljótsdalsstöð



Mynd 7 Írafossstöð

Lokaorð

Á starfstímabilinu var margt um að vera og tókst Samtökum orkusveitarfélaga að vekja réttmæta athygli á málefnum samtakanna og aðildarsveitarfélaga sinna og má með sanni segja að vel hafi verið tekið eftir samtökunum og baráttu þeirra. Litið er til samtakanna í dag þegar fjallað er um orkumál og vill ríkið í flestum tilfellum hafa fulltrúa frá samtökunum með í samtalinu um orkumálin og erum við þakklát fyrir það.

Það er þó þannig að betur má ef duga skal, það þýðir því ekkert að slaka á. Að mati stjórnar þá erum við enn í miðri á og margt sem á eftir að skýrast í skattlagningu orkuvinnslu og vindorkumálum og því er baráttan hvergi nærri búin. Við vorum með fleiri mál í starfsáætluninni okkar sem þarf einnig að vinna áfram, má þar nefna annars vegar það að afnema dreifbýlisgjald og jafna þar með raforkuverð og hins vegar það að skoða skattlagningu flutningskerfisins. Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Það eru því ærin verkefni fram undan hjá nýrri stjórn.

Við lok starfstímabilsins er rétt að koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem setið hafa í stjórninni, starfsnefnd samtakanna, starfsfólks Samtaka orkusveitarfélaga, samstarfsfólks hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og allra þeirra sem lagt hafa hönd á plóg í starfsemi samtakanna á liðnum árum.

F.h. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2022-2024,
Ása Valdís Árnadóttir
formaður